



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn í fjarfundi vegna aðstæðna í þjóðfélaginu, fimmtudaginn 12. maí 2021 kl. 13:00.

Setning aðalfundar

Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og lagði fyrir fundinn að Laufey Guðmundsdóttir yrði fundarstjóri og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir fundaritari. Það var samþykkt af fundinum.

Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2020

Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, kynnir helstu atriði ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2020. Á árinu 2020 var fjöldi aðildarféлага svipaður og árið áður og voru öll sveitarfélög samstarfsaðilar. Rekstur á síðastliðnu ári kom út með 3.466.551 kr. hagnaði. Ræðst það að mestu vegna þess að kostnaður við verkefni kom til fyrir en styrkur greiddur út síðar. Eins var reynt að draga sem allra mest úr rekstrarkostnaði vegna óvissu í heimsfaraldri. Engar spurningar komu fram frá fundargestum við ársreikning.

Yfirlit ársins 2020 og áherslur 2021

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri MSS, fór yfir yfir helstu verkefni ársins 2020 og það sem er framundan. Þar sem síðasti aðalfundur fór fram í október s.l. þar sem farið var yfir helstu verkefni ársins 2020 þá fengu þau minna vægi í þetta sinn. Dagný byrjaði á að þakka starfsfólki fyrir vel unnin störf á þessu óhefðbundna ári en verkefnin voru bæði krefjandi og mörg. Dagný segir frá Sóknarfærum ferðapjónustunnar og innanlandsátaki síðasta sumars. Hún fór yfir árangur átaksins og tölfræði fyrir samfélagsmiðla og vefmiðla. Ný vefsíða mun fara í loftið í næstu viku en hún hefur verið í vinnslu undanfarið með hinum landshlutunum og fór Dagný yfir tölfræði tengda vefnum. Farið var yfir Mannamót 2020 og aðrar sýningar sem MSS sótti. Þá var kynnt að unnið hafi verið að uppfærslu áfangastaðaáætlunar á árinu og er stefnt á að hún verði gefin út fyrir sumarið. Fjallað var um Matarauð Suðurlands og Vitaleiðina sem verður opnuð formlega þann 12. júní. Fjallað var um Upplifðu.is og virkni þess. Framundan er opnun nýja vefsins, frekari þróun upplifðu, undirbúningur Mannamóta, rafrænir súpufundir halda áfram og margt fleira.

[Hér er hægt að skoða kynningu framkvæmdastjóra.](#)

Kynning og umræður um stofnun Áfangastaðastofu á Suðurlandi

Dagný Hulda Jóhannsdóttir kynnir forsögu og forsendur stofnunar Áfangastaðastofu og helstu verkefni sem henni fylgir. Farið var yfir grófa tekjuskiptingu og helstu markmiðið með því að stofna

Áfangastaðastofu. Helstu hlutverk Áfangastaðastofu voru kynnt ásamt virði hagaðila og má sjá góðar skýringarmyndir í kynningu framkvæmdastjóra.

Björg Árnadóttir leiðir umræður um stofnun Áfangastaðastofu og leggur fram nokkrar spurningar fyrir fundinn.

- Er aðalfundur sáttur við þessa þróun/vegferð og fyrirkomulag?
- Hvaða væntingar höfum við til þessara breytinga og stofnun áfangastaðastofu?
- Hvernig tryggjum við og styrkjum áframhaldandi samstarf hagaðila og aðkomu greinarinnar að samstarfinu?

Góðar umræður sköpuðust þar sem fundagestir skiptust á skoðunum og ræddu hugmyndir og leiðir. Ákveðið var að aðalfundur MSS sendi frá sér 2 ályktanir:

- Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands er samþykkuð því að haldið sé áfram með þá vegferð að stofna Áfangastaðastofu Suðurlands sem samstarfsverkefni ferðaþjónustu, sveitarfélaga og ríkis á grunni Markaðsstofu Suðurlands.
- Aðalfundur skorar á öll sveitarfélög og aðila í greininni á Suðurlandi að taka þátt í þeirri vegferð að stofna Áfangastaðastofu á Suðurlandi. Með stofnun Áfangastaðastofu er haldið áfram að vinna með það góða samstarf mismunandi hagaðila á Suðurlandi um þróun og kynningu á landshlutanum sem eftirsóknarverðum áfangastað fyrir ferðamenn.

[Kosning/skipun nýrrar stjórnar MSS 2021- 2022](#)

Fyrir aðalfund ársins 2021 bárust tvö framboð (frá sitjandi fulltrúum) og voru frambjóðendur, þær Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir og Ragnhildur Ágústsdóttir, því sjálfkjörnir.

Dagný kynnir nýja stjórn, varamenn og skoðunarmenn reikninga

Nýja stjórn skipa:

Ágúst Elvarsson – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu
Ásgerður Kristín Gylfadóttir – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Katrín Ó. Sigurðardóttir – Visit South Iceland ehf
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands
Ragnhildur Ágústsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands

Varamenn:

Ása Valdís Árnadóttir - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Björg Árnadóttir – Visit South Iceland ehf
Dóróthea Ármann – Ferðamálasamtök Suðurlands
Friðrik Sigurbjörnsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Geir Gígja – Ferðamálasamtök Suðurlands
Íris Heiður Jóhannsdóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu

Björg Árnadóttir er að láta af störfum sem formaður stjórnar en tekur sæti sem varamaður. Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir og Halla Rós Arnarsdóttir varamenn eru að láta af störfum í stjórn markaðsstofunnar og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið.

Formleg stjórnarskipti fara svo fram á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þar sem hún skiptir með sér verkum.

Tilnefning skoðunarmanna ársreiknings

Skoðunarmenn reikninga

Aðalmenn:

Eydís Þ. Indriðadóttir

Laufey Sif Lárusdóttir

Varamenn:

Valtýr Valtýsson

Pétur Viðar Kristjánsson

Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Björg, formaður stjórnar, þakkar fyrir góðan fund, þakkar starfsfólki og fráfarandi stjórnarmeðlimum og slítur fundi. Þakkar Dagnýju sérstaklega fyrir óbilandi elju í baráttunni fyrir Suðurland. Þakkar starfsmönnum og stjórn fyrir samstarfið. Hvetur fólk til að taka að sér stjórnarsetu í MSS.

Fundi slitið kl. 14:35